

**2. fundur starfshóps um framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 1. september
2017 og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Marzellíus Sveinbjörnsson aðalmaður,
Hafdís Gunnarsdóttir aðalmaður og Ásgeir Leifur Höskuldsson aðalmaður.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Aðgerðir vegna komu skemmtiferðaskipa 2017 - 2017040038

Lagður fram verkefnalisti frá Sigríði Kristjánsdóttur, formanni starfshóps um komu skemmtiferðaskipa, dagsettur 1. september 2017 þar sem farið er yfir verkefni haustsins.

Starfshópur um framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa felur formanni og starfsmanni hópsins að leggja könnun fyrir almenning, með rafrænum hætti, þar sem viðhorf til komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðarbæjar eru könnuð. Könnunin skal lögð fyrir í vikunni 4.-11. september og vera aðgengileg í 2 vikur.

Starfshópurinn áætlar að halda fund með hagsmunaaðilum 5. október 2017 og felur formanni og starfsmanni hópsins að taka saman lista yfir mögulega hagsmunaaðila og leggja fyrir næsta fund starfshópsins sem haldin verður 27. september 2017.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Ásgeir Leifur Höskuldsson

Brynjar Þór Jónasson